

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 13. desember 2018  
UST201811-155/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Tillaga - Deiliskipulag – Vatnskot – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnskot í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan tekur til rúmlega 500 m<sup>2</sup> landspildu í Vatnskoti í Rangárþingi ytra, þar sem skilgreindur er byggingareitur undir tvö smáhýsi/gestahús þar sem hvort um sig getur orðið 32 m<sup>2</sup>


Á uppdrætti tillögunnar kemur fram að fjarlægð frá byggingareit að Ásvegi (25) er 30 m. Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um samgöngur að utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur